

VIÐHORF FORELDRA TIL LEIKSKÓLANS

Reykjavík - heildarniðurstöður

MAÍ 2017



Skrifstofa sviðsstjóra, tölfræði og
rannsóknarþjónusta

Auður Ævarsdóttir

Hildur B. Svavarsdóttir



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Framkvæmd og svarhlutfall

Samkvæmt samþykkt skóla- og frístundaráðs var viðhorfsskönnun framkvæmd meðal foreldra í öllum leikskólum í Reykjavík í mars og apríl 2017. Foreldrakönnun á vegum skóla- og frístundasviðs var síðast framkvæmd vorið 2015 meðal þeirra leikskóla sem óskuðu eftir þátttöku en á árunum 2009-2013 var foreldrakönnun framkvæmd miðlægt fyrir alla leikskóla í Reykjavík.

Foreldrar sem áttu barn skráð í leikskóla í Reykjavík í febrúar 2017 fengu senda beiðni um þátttöku í tölvupósti. Í stærstu leikskólunum var tekið úrtak foreldra en annars fengu allir foreldrar beiðni um þátttöku. Ekki var spurt um fleiri en eitt barn frá sama heimili. Könnunin var fyrst send á netfang annars foreldris og svo hins ef svar barst ekki frá þeim fyrri. Svarhlutfall var mjög gott eða 77%. Sem fyrr voru mæður meirihluti svarenda þó að beiðnir um þátttöku hafi verið sendar jöfnum höndum til mæðra og feðra þar sem unnt var.

Svarhlutfall	Fjöldi	Svör	Hlutfall
	5.556	4.291	77%
2 ára eða yngri			
Aldur barns	26%	3-4 ára	47%
		5 ára eða eldri	27%
Svarandi			
	Móðir	Faðir	Báðir foreldrar
	69%	24%	7%

Svarhlutfall einstakra leikskóla var eftirfarandi:

	Fjöldi/úrtak	Svörun	Svarhlutfall
Askja	95	57	60,0%
Austurborg	82	67	81,7%
Árborg	54	44	81,5%
Ársól	54	41	75,9%
Ártúnsskóli	54	45	83,3%
Bakkaborg	94	65	69,1%
Bakki/Hamrar	129	104	80,6%
Berg	27	18	66,7%
Bjartahlíð	120	100	83,3%
Blásalir	56	42	75,0%
Borg	79	63	79,7%
Brákarborg	46	37	80,4%
Brekuborg	61	46	75,4%
Dalskóli	75	47	62,7%
Drafnarsteinn	93	78	83,9%
Engjaborg	55	44	80,0%
Fífuborg	68	56	82,4%
Fossakot	57	41	71,9%
Furuskógur	95	75	78,9%
Garðaborg	47	38	80,9%
Geislabaugur	94	79	84,0%
Grænaborg	77	67	87,0%
Gullborg	85	75	88,2%
Hagaborg	84	72	85,7%
Hálsaskógur	102	77	75,5%
Heiðarborg	67	48	71,6%
Hlíð	103	84	81,6%
Hof	95	75	78,9%
Holt	70	50	71,4%
Hólaborg	47	32	68,1%
Hraunborg	59	48	81,4%

Hulduheimar	66	49	74,2%
Ísaksskóli	44	21	47,7%
Jöklaborg	96	79	82,3%
Jörfi	81	60	74,1%
Klambrar	62	50	80,6%
Klettaborg	64	48	75,0%
Korpukot	67	48	71,6%
Kvistaborg	58	43	74,1%
Landakotsskóli*	9	5	55,6%
Langholt	132	108	81,8%
Laufásborg	116	78	67,2%
Laufskálar	69	49	71,0%
Laugasól	125	96	76,8%
Leikgarður	53	41	77,4%
Lundur	39	32	82,1%
Lyngheimar	62	45	72,6%
Maríuborg	78	60	76,9%
Mánagarður	57	36	63,2%
Miðborg	91	69	75,8%
Múlaborg	73	64	87,7%
Nóaborg	72	60	83,3%
Ós	27	18	66,7%
Rauðaborg	54	35	64,8%
Rauðhóll	142	116	81,7%
Regnboginn	70	60	85,7%
Reynisholt	77	69	89,6%
Rofaborg	90	70	77,8%
Seljaborg	63	42	66,7%
Seljakot	53	43	81,1%
Skerjagarður	44	34	77,3%
Sólborg	63	52	82,5%
Sólgarður	42	28	66,7%
Stakkaborg	65	55	84,6%
Steinahlíð	48	36	75,0%

Suðurborg	88	64	72,7%
Sunnuás	104	80	76,9%
Sunnufold	116	99	85,3%
Sæborg	66	52	78,8%
Sælukot	34	20	58,8%
Tjörn	52	38	73,1%
Vesturborg	61	51	83,6%
Vinagarður	90	58	64,4%
Vinagerði	52	43	82,7%
Vinaminni	36	30	83,3%
Waldorfleikskólinn Sólstafir	44	39	88,6%
Waldorfleikskólinn Sólstafir á Höfn	30	26	86,7%
Ægisborg	68	54	79,4%
Ösp	39	23	59,0%
Alls	5.556	4.291	77,2%

*Engin skýrsla gerð vegna fjölda.

Spurningalistinn sem notaður var er sá sami og notaður hefur verið í ytra mati leikskóla undanfarin ár og byggir á spurningum sem hafa verið þróaðar í gegnum árin í foreldrakönnunum Reykjavíkurborgar og viðmiðum sem sett eru fram um foreldrastarf í ytra mati leikskóla. Vegna breytinga á fæðisgjaldi var að þessu sinni bætt við tveimur spurningum um ánægju barns og ánægju foreldra með matinn í leikskólanum.

Hver leikskóli fékk skýrslu með sínum niðurstöðum ef fjöldi svarenda var yfir 10 ásamt samanburði við heildarniðurstöður í Reykjavík.

Heildarniðurstöður fyrir Reykjavík 2017	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar/mjög ósammála	Samtals sammála			
				Reykjavík 2017	Hæsta hlutfall	Lægsta hlutfall	Reykjavík 2015
Ég er ánægð(ur) með leikskólann	69%	27%	4%	96%	100%	69%	95%
Starfsfólkið þekkir þarfir barnsins og styður það vel í leikskólastarfinu	61%	36%	3%	97%	100%	75%	97%
Barninu mínu líður vel í leikskólastarfinu	71%	28%	2%	98%	100%	78%	98%
Barnið mitt á góða félag/aðlagast vel í barnahópnum	61%	35%	4%	96%	100%	88%	96%
Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á að efla sjálfstraust barnsins	58%	38%	4%	96%	100%	60%	96%
Ég tel barnið mitt vera öruggt í leikskólanum	71%	27%	2%	98%	100%	78%	97%
Ég er ánægð(ur) með samskipti og viðmót starfsfólks	67%	29%	4%	96%	100%	61%	94%
Mér finnst aðbúnaður barna í leikskólanum góður	43%	45%	13%	87%	100%	61%	87%
Barnið mitt tekur stöðugum framförum í leikskólanum	59%	38%	3%	97%	100%	67%	96%
Ég fæ reglulega góðar og leiðbeinandi upplýsingar um framfarir barnsins	38%	41%	22%	78%	100%	24%	79%
Ég hef tekið þátt í að meta framfarir barnsins	37%	39%	25%	75%	94%	44%	76%
Ég get fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið í leikskólanum	39%	41%	20%	80%	97%	53%	77%
Ég fæ greinargóð svör við spurningum mínum um leikskólastarfið	57%	36%	7%	93%	100%	59%	-
Leikskólinn hvetur foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu	49%	38%	13%	87%	100%	59%	86%
Ég fæ góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum	64%	29%	7%	94%	100%	75%	94%
Ég þekki stefnu og gildi leikskólans	43%	47%	10%	90%	100%	67%	85%
Markvisst er unnið með stefnu og markmið leikskólans	48%	46%	5%	95%	100%	36%	-
Ég er ánægð(ur) með stefnu leikskólans	56%	41%	3%	97%	100%	60%	-
Viðfangsefnin í leikskólanum eru áhugaverð	57%	40%	4%	97%	100%	62%	95%
Leikskólinn leitar eftir mínum tillögum og hugmyndum	20%	34%	46%	54%	93%	21%	51%
Leikskólinn tekur ábendingar mínar til greina	46%	45%	10%	90%	100%	64%	89%
Stjórnendur leggja sig fram við að vera sýnilegir í daglegu starfi	60%	33%	8%	93%	100%	70%	89%
Leikskólanum er vel stjórnað	61%	33%	6%	94%	100%	53%	94%
				Samtals alltaf/oftast			
	Nær alltaf	Oftast	Hvorki né/sjaldan	Reykjavík	Hæst	Lægsta	
Barnið er ánægt með matinn í leikskólanum	35%	52%	14%	76%	100%	59%	
Ég er ánægð(ur) með matinn í leikskólanum	36%	46%	18%	72%	100%	58%	

Samanburður

Milli 2015 og 2017

Vorið 2015 gátu leikskólar tekið þátt í sameiginlegri könnun til foreldra að eigin ósk og var það nýtt af 34 leikskólum eða rétt um helmingur þeirra. Samanburður í heildarniðurstöðum 2017 er úr þeirri könnun. Mjög lítill munur reyndist á meðaltölum þessara tveggja ára sé hlutfall þeirra sem voru mjög eða frekar sammála skoðað. Á tveimur spurningum var þó marktæk hækkun en það var í fjölda þeirra foreldra sem þekktu stefnu og gildi leikskólans sem var nú 90% en var 85% árið 2015. Sýnileiki stjórnenda mældist líka marktækt hærri en 93% foreldra töldu stjórnendur leggja sig fram við að vera sýnilegir í daglegu starfi á móti 89% árið 2015.

Aldur barns

Í flestum spurningum var ekki marktækur munur á viðhorfum foreldra eftir aldri barns þeirra. Þetta á við um spurningar eins og öryggi barns í leikskólanum, viðmót og samskipti við starfsfólk og stjórnendur, upplýsingar um barnið og upplýsingar almennt um leikskólastarfið og allar spurningar sem snertu stefnu leikskólans. Sama á við um ánægju með matinn í leikskólanum.

Marktækt fleiri foreldrar yngstu barnanna töldu barninu líða vel í leikskólanum og að starfsfólkið þekkti þarfir barnsins. Um 67% foreldra yngstu barnanna voru *mjög sammála* því að barnið tæki stöðugum framförum í leikskólanum samanborið við 54-57% hjá foreldrum eldri barna. Heldur færri foreldrar barna 3-4 ára voru *mjög sammála* því að

viðfangsefnin í leikskólanum væru áhugaverð heldur en foreldrar yngstu og elstu barna.

Feður og mæður

Heldur meiri munur var á ánægju mæðra og feðra en reyndist vera eftir aldri barna og voru mæður marktækt ánægðari með nær alla þá þætti sem spurt var um í leikskólastarfinu. Þó ber að hafa í huga að svarendahópurinn er stór og oft þarf ekki mikinn mun til þess að hann reynist marktækur. Munur á svörum mæðra og feðra lá oftast í því að mæður notuðu svarmöguleikann *mjög sammála* í meira mæli en feður sem völdu oftast *frekar sammála*. Munur á feðrum og mæðrum sem voru ekki ánægð með leikskólastarfið var hverfandi.


Marktækur munur mældist ekki var á svörum mæðra og feðra í spurningum um samskipti og viðmót starfsfólks, að fá upplýsingar um framfarir barnsins og upplýsingar um starfið í leikskólanum.

Hverfi¹

Til að skoða mun á svörum eftir hverfum voru búnir til þrír þættir úr spurningunum í könnuninni og ánægja foreldra skoðuð út frá þeim. Á heildina litið var munur eftir hverfum mestur á þeim sem voru annars vegar *mjög ánægðir* og svo *frekar ánægðir*. Sjaldan var marktækur munur á hópi foreldra sem voru *óánægðir*.


Fyrsti þátturinn var samsettur úr spurningum sem snerta viðhorf foreldra til líðan og öryggis barnsins í leikskólastarfinu. Eins og sjá má á mynd 1 var hlutfall foreldra sem voru *mjög ánægðir* hæst í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum en lægst í Breiðholti, Grafarvogi og Kjalarnesi.

¹ Einungis borgarrekinn leikskólar vegna ójafnrar dreifingar sjálfstætt rekinna leikskólaeftir borgarhverfum.




Mynd 1. Líðan og öryggi barnsins í leikskólastarfinu

Næsti þáttur snéri að framförum barnsins og upplýsingum til foreldra um barnið og leikskólastarfið. Lítil munur var á þessum spurningum eftir hverfum, einna helst var hlutfall mjög ánægðra foreldra hátt í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum.



Mynd 2. Framfarir barns, upplýsingar og þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Síðasta samþætta spurningin innihélt fullyrðingar um stefnu leikskólans og stjórnun. Heldur fleiri foreldrar í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum voru mjög ánægðir með þessa þætti eða 5-6 prósentustigum fleiri en í öðrum hverfum.



Mynd 3. Stefna og stjórnun leikskólans